

Miðvikudaginn 28. nóvember 1945.

Nr. 9/1944. **Jón J. Fannberg** (Magnús Thorlacius)

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs

(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál. Stjórnsýsla. Kostnaður af skolplögn.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1944, krefst þess, að stefnda verði dæmt að bæta honum fé allt það tjón, er hann beið vegna þess, að skolplögnin frá húsi hans nr. 2 við Garðastræti varð 32,5 metrar í stað 5 metra, þó svo að fébætur verði ekki hærri en í héraðsstefnu er krafizt. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstaréti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og málskostnaður fyrir hæstarétti verði dæmdur honum úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Lög nr. 42/1911 geyma ekki ákvæði um skyldu á hendur stjórnvöldum Reykjavíkur hvorki til að leggja holræsi í götur, þar sem þau eru ekki fyrir, né til að leggja ný og fullkomnari holræsi í samræmi við auknar þarfir. Slík skylda á hendur stefnda verður ekki heldur leidd af ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923 né öðrum réttarreglum. Loks hefur byggingarnefnd Reykjavíkur ekki bakað stefnda skyldu til að greiða áfrýjanda fébætur, þótt hún leyfði áfrýjanda að hafa þá dýpt, er hann sjálfur vildi hafa, á kjallara undir húsi hans nr. 2 við Garðastræti. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Jón J. Fannberg kaupmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. september 1943, gegn Bjarna Benediktssyni borgarstjóra f. h. Reykjavíkurborgar til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 7474.44, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. des. 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Aðiljar hafa óskað þess, að málinu yrði skipt, þannig að dómur yrði fyrst felldur um greiðsluskyldu stefnds, og hefur dómarrinn samþykkt það samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. einkamálalaganna. Við hinn munnlega málflytning um þenna hluta málsins hefur stefnandi því gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að stefndum sé skylt að bæta stefnanda það tjón, sem hann hlaut við það, að skolpræsi varð að leggja frá húsi stefnanda, nr. 2 við Garðastræti, niður í ræsi í Tryggvagötu, í stað þessa að leggja skolpræsið í ræsi í Vesturgötu eða Garðastræti. Einnig krefst hann þess, að stefndum verði gert að greiða málskostnað eftir mati dómarrans, að því er varðar þenna hluta málsins.

Stefndur krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómarrans.

Málsatvik eru þessi:

Þann 25. júní 1941 sótti stefnandinn um leyfi til byggingar-nefndar Reykjavíkur til þess að byggja fjórlyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 2 við Garðastræti. Með umsókninni fylgdi teikning af húsinu, og er sýnt á henni, að kjallari hússins átti að vera um $2\frac{1}{2}$ metra í jörðu niður og að vatnssalerni átti að vera í kjallaranum, en ekki var því sérstaklega lýst, hvernig ætlað var til, að hagað yrði frárennsli frá húsinu. Var leyfi þetta veitt athugasemdalaust 4. júlí s. á. Hóf nú stefnandinn byggingu húss þessa, en er grafa skyldi fyrir skolpveitu frá húsinu, kom í ljós, að skolpæðin í Vesturgötu var svo skammt grafin niður, að hún varð ekki notuð fyrir frárennsli frá kjallara hússins, nema með því móti að grafa alllangt austur og niður eftir þeirri götu til þess að fá meira halla. Var því skemmri leið valin, að því er virðist með ráðum bæjarverkfræðings, og nýtt ræsi lagt þvert í gegnum Vesturgötu og áleiðis niður í Tryggvagötu í ræsi þar, en sú gata liggur miklu lægra en Vesturgatan. Lét stefnandinn síðan gera ræsi þetta, eftir að stefndur hafði synjað um að framkvæma verkið eða bera kostnaðinn af því.

Telur stefnandinn, að sér hafi verið óskýlt að bera annan kostnað af verki þessu en þann, sem leiði af lagningu holræsisins frá húsi hans og skemmstu leið út í ræsi í miðri Vesturgötu. Rökstyður hann þetta með því, að byggingarleyfi fyrir húsinu hafi verið veitt skilyrðislaust, en á uppdrætti hússins hafi verið greinilega

sýnt, að vatnssalerni átti að vera í kjallaranum, og hafi stefndur lagt skolpræsi í einhverja ákveðna götu, þá sé honum skylt að hafa það þannig úr garði gert, að hægt sé að veita í það öllu skolpi frá þeim húsum, sem við götuna eru.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að engin lög né aðrar réttarreglur séu til, er leggi bæjarsjóði þá skyldu á herðar að bæta það tjón eða þann kostnaðarauka, sem hann kunni að hafa orðið að greiða vegna framangreindra aðgerða. Það sé á ábyrgð þess, er reisa vill hús á lóð hér í bænum, hvar og hvernig sé unnt að ná sambandi við skolpleiðslukerfi bæjarins, þannig að húsið fái þau not kerfanna, sem óskað er eftir. Auk þess sé umrætt kjallara-gólf óvenjulega djúpt undir götuyfirborði, en þó hægt að fá frárennsli frá kjallara-gólfi með því að leggja ræsi um 30 metra niður og austur Vesturgötu.

Dómarinn verður að fallast á það með stefndum, að það út af fyrir sig, að byggingarnefnd Reykjavíkur skuli athugasemdalaust hafa leyft stefnanda að byggja umrætt hús samkvæmt nefndum uppdraetti, þar sem sýnt var salerni í hinum djúpa kjallara hússins, geti ekki skapað skyldu fyrir stefndan til að greiða stefnanda þann kostnaðarauka, sem áður nefnd lagning á holræsinu áleiðis til Tryggvagötu telst hafa valdið honum. — Kemur þá til athugunar, hvort slík greiðsluskylda verði rakin til ákvæða gildandi laga um þessi efni.

Í lögum nr. 42/1911 um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl. eru eftirfarandi ákvæði, sem hér skipta máli:

„Þar sem bæjarstjórnin hefur lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji allt skolp frá húsi hans út í göturæsið . . . kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum“ með sérstöku gjaldi.

Í þessum ákvæðum eru þannig engin bein fyriræli um, hvernig holræsi þau, er bæjarstjórn kann að láta gera í götunum, skuli vera úr garði gerð, til þess að kostnaður við holræsagerðina að hluta verði tekinn af bæjarbúum með nefndu gjaldi. Það þykir þó verða að telja, að gerð holræsanna verði að vera slík, að fullnægi frárennslisþörf allra húsa, sem byggð eru við göturnar með venjulegum hætti, og þannig, að ekki þurfi óhæfilega langa leiðslu frá hverju húsi út í götuæðina, en orðalag hinna tilvitnuðu ákvæða verður hins vegar ekki skilið svo, að þar þurfi að vera um hina skemmstu leið að ræða. Nú verður það að teljast nægjanlega leitt í ljós, að umrætt holræsi í Vesturgötu, sem gert var kringum 1920 hafi fullnægt og fullnægi frárennslisþörf venjulegra húsa við þá götu, þótt hins vegar hafi eigi verið unnt með venjulega langri leiðslu að nota það til að veita í frárennsli frá hinum óvenjulega djúpa kjallara í húsi stefnanda.

Í vatnalögum nr. 15 1923 fjallar X. Kafli um holræsi. Segir þar m. a., að bæjarstjórn sé heimilt að leggja holræsi til að taka við skolpi og afrennsli í kaupstaðnum (86. gr.), en bæjarstjórn skuli leggja holræsin svo, að hver lóðareigandi nái til þeirra í götu, sem lóð hans telst til. Þar eru og ákvæði um, að hverjum lóðar- eða húseiganda sé skylt að gera á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum allt skolp í aðalræsi, en aðili getur krafist sig undanþeginn skolpræsagjaldi, ef slík ræsislagning verður sérstaklega kostnaðarsöm, enda geti hann komið skolpinu frá sér með öðrum fulltryggum hætti. Að öðrum kosti skal ræsið lagt og bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaðinum, nema samkomulag verði (88. gr.). — Samkvæmt 98. gr. vatnalaganna taka þessi ákvæði þeirra ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í áður gildandi rétti, eins og það er um ræðir í máli þessu, og gilda því ákvæði laganna frá 1911 þar um. Með tilliti til ákvæðisins í 98. gr. vatnalaganna þykir því verða að líta svo á, að samkvæmt lögnum frá 1911 sé stefndur ekki skyldur til að fella niður holræsagjald eða taka þátt í kostnaði við lagningu ræsis, sem reynist óvenjulega kostnaðarsamt — eins og orðið hefur hjá stefnanda — enda telst bæjarstjórn hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt umræddum lögum, eins og að framan er rakið. — Stefnandi þykir þannig ekki eiga rétt til hinnar umstefndu kröfu úr hendi stefnda, og verður sýknukrafan því tekin til greina. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari. hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns J. Fannbergs, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. nóvember 1945.

Nr. 96/1945. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

James Betty (Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur